

Opið hús í desember

Friðgeir Guðmundsson sem lengi hefur stundað og kennt tréskurð bauð félagsmönnum í heimsókn til sín. Bjarni Þór Kristjánsson mætti og sýndi tálgun og ræddi um ýmislegt fleira fróðlegt. Hér eru myndir frá þeim fundi.



Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð

Aðalfundur FÁT verður haldinn í húsnæði
Heimilisíðnarfélagsins
Nethyl 2e í Reykjavík
Laugardaginn 15. febrúar 2014 og hefst kl 10.

Venjuleg aðalfundarstörf

Félagsmenn hvattir til að mæta.

Stjórn FÁT

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
1. tbl. 19. árgangur 2014



Frá formanni

Síðasti aðalfundur félagsins samþykkti breytingar á lögum félagsins þannig að aðalfundur yrði haldinn í febrúar og reikningar félagsins miðaðir við almanaksárið. Þetta var meðal annars gert eftir ábendingu endurskoðanda. Síðasti aðalfundur var haldinn í nóvember 2012 en nú er stefnan tekin á 15.

febrúar 2014.

Starfstímabilið sem nú er senn á enda hefur verið að nokkru hefðbundið með opið hús, vinnustund, vorsýningu, vorferð. Brýnið hefur komið út þrisvar á ári og formaður sent út tölvupósta og SMS símboð þegar áhugaverðir atburðir hafa verið hjá félaginu eða í tengslum við tréskurð. Nú eru að vísu SMS símboðin í nokkru uppnámi vegna einhverra tölvuþrjóta í útlöndum – en það er önnur saga.

Gerðuberg – félagsmiðstöð í Breiðholti bauð félaginu að sýna í sýningarsal og voru til þess valdir nokkrir félagar. Reynt var að hafa eldri og yngri tréskera sem hafa unnið við tréskurð í lengri tíma og eins var haft í huga að kynjahlutfallið væri jafnt. Mjög góður rómur hefur verið gerður að þessari sýningu sem stendur fram í febrúarmánuð og til stendur að færa sýninguna yfir á Skriðuklaustur og sýna þar fram á vorið. Þetta er góð kynning á tréskurði og hefur vakið áhuga margra á þessari grein lista og handverks. Björn Bergsson (gjaldkeri félagsins) hélt erindi í Gerðubergi í tengslum við sýninguna. Hvort sem það var vegna sýningarinnar eða ekki þá var formanni boðið í morgunþátt á RÚV þar sem hann sagði frá tréskurði.

Aðalfundur er á næsta leiti og munu verða þar nokkrar breytingar á stjórn félagsins. Undirritaður mun hætta sem formaður enda búinn að vera í því embætti í 6-7 ár. Formanni er efst í huga þakklæti fyrir þennan tíma en finnst að „sinn tími sé kominn“. Þetta hefur verið góður reynslutími og ánægjulegt samstarf við marga stjórnarmenn sem og aðra félagsmenn.

Aðalfundur er vettvangur félagsmanna til að koma fram með hugmyndir og marka stefnu næsta starfsárs. Meðal annars þarf að skoða hvort við ættum að halda áfram vorferðum en núverandi stjórn ákvað að fastsetja þrjár ferðir og endurskoða síðan. Þessar ferðir hafa gengið vel en það er með vorferðir, opið hús, vinnustund og fleira að allt þarf að skoða og velta fyrir sér.

Með bestu kveðjum
Sigurjón

Opið hús í janúar 2014

Opið hús var haldið að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði og Jón Adolf Steinólfsson sýndi tréskurðarverk og eins það sem hann hefur unnið í „harðari efni“ eins og marmara og aðrar steintegundir.



Pótt hljóðu máli hjali snilldarverk (RJ)

Um tengsl íslensks rímnakveðskapar og íslenskrar tréskurðarlistar
Fyrirlestur sem haldinn var í FÁT 12.10.2013



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Hólshraun 5 220 Hafnarfjörður
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: treskurdur.muna.is
Ritstjórn er stjórn félagsins

Fyrirlestur í Gerðubergi



Tréskurður - Handverk og list

Sýningin Gerðubergi okt 2013 -jan 2014 í samstarfi við FÁT
Sýningin verður síðan sett upp aftur á Skriðuklaustri



Viður við og við

Sigríður Sigurðardóttir er með sýningu í Þjóðminjasafni á tréskurði sem stendur til 24. febrúar.

